

**Ed.**

**466. Nefndarálit**

[16. mál]

um frv. til l. um kaup og kjör sjómanna.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Við setningu bráðabirgðalaganna var gengið á rétt verkalýðssamtakanna. Rétt er að vekja athygli á því, að þegar löggin voru gefin út ríkti hvorki verkfallsástand né hafði áður verið reynt til þrautar að ná niðurstöðu með eðlilegum samningaviðræðum. Þótt ekki væru nema þessar tvær ástæður sér, þá hlutu verkalýðssamtökin að mótmæla útgáfu bráðabirgðalaganna mjög harðlega.

Samningsuppkast það er löggilt var með bráðabirgðalögnum hafði verið samþykkt af einum fjórum af samtals 26 aðildarfélögum Sjómannasambands Íslands, en fellt af tuttugu og tveimur.

Við útgáfu bráðabirgðalaganna var bundinn endi á framhaldandi samningaviðræður, sem miðuðu að samræmingu sjómannakjara um land allt, bæði varðandi aflahlut og tryggingar. Frá því bráðabirgðalögin voru gefin út hefur verið samið sérstaklega á Vestfjörðum um hærri aflahlut, og má því til sanns vegar færa að andi bráðabirgðalaganna hafi verið brotinn nær tafarlaust.

Gildistími þessara bráðabirgðalaga, sem sett voru á mjög svo hæpnum forsendum, og mótmælt hefur verið kröftuglega, rennur út 15. næsta mánaðar. Verði þau nú staðfest á Alþingi, mundi slíkt aðeins leiða til harðari deilna við samningaborðið og af eðlilegum ástæðum auka á tortryggni sjómanna. Því leggur undirritaður minni hluti til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 15. apríl 1977.

Stefán Jónsson,  
frsm.

Jón Árm. Héðinsson.